

Akureyri, 29. apríl 2004

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf landbúnaðarnefndar dagsett 20. apríl sl. þar sem leitað er  
umsagnar um frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna,  
878 mál, og frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 879. mál.*

Háskólinn á Akureyri hefur kynnt sér ofangreind frumvörp og þakkar fyrir  
tækifærið til að láta í ljós álit sitt á þeim. Umsögn háskólans er hjálögð.

Virðingarfyllst,

  
Laufey Sigurðardóttir, ritari rektors

**Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, 878. mál,  
og frumvarp til laga um búnaðarfræðslu, 879. mál**


Frumvörpin gera ráð fyrir að stofnaður verði Landbúnaðarháskóli Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði rannsóknasvið innan hans.

Háskólinn á Akureyri vill taka fram að samkvæmt lögum um háskóla nr. 136/1997 þá heyra málefni háskóla undir menntamálaráðherra. Einnig er bent á að ákvæði frumvarpsins um stjórnun Landbúnaðarháskólans eru í veigamiklum atriðum frábrugðin ákvæðum laga um háskóla.

Háskólinn á Akureyri mælir ekki með að umrædd frumvörp verði samþykkt á Alþingi. Eðlilegt má hins vegar telja að stjórnvöld hafi forgöngu um að flytja málefni er varða Landbúnaðarháskólann frá landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Akureyri, 27. apríl 2004

Virðingarfyllst,

  
Þorsteinn Gunnarsson, rektor